Fundargerð.

Byggingarnefnd Hofshrepps kom saman til fundar á Óslandi ásamt byggingarfulltrúa miðvikudaginn 2. apríl 1980.

Fyrir lá: I. Umsókn um byggingarleyfi fyrir hlásarahúsi frá Þorvaldi Gestssyni á Krossi. Teikningar vantaði og var því ákveðið að óska eftir þeim áður en byggingarleyfi verði gefið út.

II. Umsókn um framlengingu á byggingarleyfi fyrir geymsluhúsi frá Jóhannesi Sigmundssyni í Brekkukoti. Leyfið var útgefið 12/6 1979. Samþykkt var að framlengja þetta byggingarleyfi um eitt ár, enda hefur nýbyggingargjald verið greitt.

III. Umsókn um byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi á Óslandi frá Jóni Guðmundssyni og Kristjáni Jónssyni. Er þar um að ræða tvíbýlishús. Teikningar liggja fyrir. Húsið sé byggt úr timbureiningum frá Húseiningum á Siglufirði. Húsgerð 122.031 Arkitekt Helgi Hafliðason Skipholti 1 R.vík. Samþykkt að gefa út byggingarleyfi fyrir þessari byggingu.

Fleira var ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.

Bjarni H. Jóhannsson
Ragnar Eðvaldsson
[illegible]
Axel Þorsteinsson
Jón Guðmundsson

Miðvikudag 25/2 1981

kom byggingarnefnd Hofshrepps
saman að Óslandi á fundinn mætti
byggingarfulltrúi Ingvar G. Jónsson

1.– Fyrir fundinum lá beiðni Einars
Jóhannssonar Hofsósi að reisa fiskhjalla
í landi Grafargerðis, sunnan Grafarár, en
ofan þjóðvegar
Byggingarnefnd telur að með umsókninni
vanti skriflegt leyfi landeiganda
og samþykki Jarðanefndar Skagafj. sýslu
að fengnum þessum leyfum og athugun
á vettvangi mun nefndin gefa út
umbeðið leyfi

2.– Frá Ragnari Eiríkss. bónda Gröf umsókn
um byggingu refahúsa vestan þjóðvegar
ca 700 m
Með umsókn vantar teikningar ásamt
skilreikjum samkvæmt 14. grein. reglugerðar
nr. 282 "69
Byggingarnefnd Hofshrepps getur ekki tekið
afstöðu til nefndrar umsóknar
fyr en téð gögn liggja fyrir, og frestar því
frekari afgreiðslu þessa máls

3.– Frá Jóhannesi Sigmundssyni Brekkukoti
vegna endurbóta á íbúðarhúsi
(gluggar-þak-Veggir)
Byggingarnefnd veitir umbeðið leyfi
enda se verkið unnið í samráði við
byggingarfulltrúa

Varðandi umsókn Einars Jóhannssonar
um staðsetningu fiskhjalla í landi
Grafargerðis fór byggingarnefnd á
vettvang og samþykkir fyrir sitt leiti
staðsetningu þá er um er sótt

Jón Guðmundsson | Axel Þorsteinsson
Ingvar Gýgjar Jónsson | Reynir Gíslason

Laugardag 25-4 1981

Kom byggingarnefnd Hofshrepps saman að Sandfelli mættur var einnig Ingvar Gýgjar Jónsson byggingarfulltrúi fyrir að beiðni Páls Marvinss. um staðarval fyrir nýtt íbúðarhús að Sandfelli; nefndin mælir eindregið með að byggt verði á mel austan heimreiðar og neðan núverandi X íbúðarhúss. Var byggingarfulltrúa falið að ganga frá málinu, og ~~að~~ fá teikn. snúið með tilliti til útsýnis og landlags.

Jón Guðmundsson Axel Þorsteinsson
Ingvar Gýgjar Jónsson. Reynir Gíslason

Þriðjudag 28 júlí 1981

Kom byggingarnefnd Hofshrepps saman að Eyrarlandi mættur var einnig byggingafulltrúinn Ingvar G. Jónsson.
Fyrir lágu þrjár umsóknir um byggingarleyfi

1. Refahús. Páll Þorgilsson og Hafsteinn Lárusson sækja um þetta leyfi og þetta stálgrindahús l. 43 m b. 9,80 m s.b. teikningu frá B.L. no 842087.
Teikning þessi var samþykkt og húsið staðsett 150 m norðan við íbúðarhúsið á Eyrarlandi
2. Sumarhús. Hjörtur Jónsson ~~[illegible]~~gerði Eyrarbakka átti þessa umsókn. skal hús þetta reist í Nýlensi. Var þetta samþykkt enda er áður búið að veita þetta leyfi þarna er aðeins um breytt útlit að ræða staðsetning sú sama og áður var ákveðin.
3 Íbúðarhús. Hafsteinn Lárusson sækir um leyfi til endurbóta á íbúðarhúsi er þar um að ræða lagfæringu á þaki skipta um glugga einangra og klæða húsið utan auk nokkurra breytinga innanhúss. Samþykkt að veita umbeðið leyfi. Fleira ekki

fyrir tekið og fundi slitið.
Jón Guðmundsson Axel Þorsteinsson
Reynir Ástason.

Ár 1982 7/6

1– Kom byggingarnefnd Hofshrepps saman að Háleggsstöðum til að mæla fyrir og staðsetja refahús, stærð hússins er 9.80 x 43 metrar að flatarmáli; stálgrindahús, teikning númer 84-4283 frá byggingarstofnun landbúnaðarins nefndin samþykkir að húsið rísi efst í túni norðan fjárhúsa
mætur var byggingarfulltrúi og starfaði með nefndinni
2– Tekin fyrir umsókn Jóhannesar Sigm. í Brekkukoti vegna blásarahúss við fjóshlöðu teikn. Magnus Sigsteinsson nefndin er sammála um að veita umbeðið leyfi

Jón Guðmundsson Axel Þorsteinsson
Ingvar Gýgjar Jónsson Reynir Ástason

Fundargerð

16/6 1982. kom byggingarnefnd Hofshrepps saman að Öslandi fyrir tekið umsókn Páls Marvinsson og Stefáns Pálssonar Sandfelli um byggingu stálgrindahúss húsið á að nota sem fjárhús og fl. stærð hússins er 18 x 1960 m²
Teikning Garða hefur (Guðm Ragnarss. Sv. um Pálmason, húsið er teiknað við stálgrindahús byggt 1974
Byggingarnefnd samþykkir fyrir sitt leiti umrædda teikn. sem fjárhús samþ. ofangreindu Ingvar Gunnar Jónsson ~~byggingarfu~~
Byggingarnefnd telur ~~...~~ þó ýmsar forsendur hæpnar í sambandi við þagnýtt gildi þessarar byggingar miðað við landrými. búmark o.fl. en telur sig ekki geta tekið afstöðu til þeirrar hliðar á málinu

Jón Guðmundsson
Björn Sverrisson

Axel Þorsteinsson
Reynir ~~Ei~~ Ástason

Fundargerð.

~~30~~ 1985 júní kom byggingarnefnd~~...~~ Hofshrepps. saman að Sandfelli.
Jón Guðmundsson gat ekki komið
Byggingafulltrúi var mættur litið var á fjárhúsgrunn og ítrekað við Pál Marvinsson að stöðva framkvæmdir þar til byggingaleyfi lægi fyrir.

Farið var í Svínafell og litið á aðstæður í sambandi við fyrirhugað blásarahús

Einnig var farið í Engihlíð og staðsett vélageymsla. 145 m² Stálgrindahús.

Bygginganefnd mælir með að ofangreindar byggingar verði ~~samþykktar~~. samþykktar.

Reynir Ástason

Fundargerd.

6/11 1982. Kom bygginganemd hofshrepps saman ad Midhúsagerdi. Bjarni Jóhannsson mætti í stadinn fyrir Jón á Óslandi. Bygginga fulltrúi var og mættur. Tilefnid var stadsetning sumarbústada. sem fyrir liggur ad byggja þar. og leggur bygginganemd til ad þad verdi veitt.

Samar dag var farid ad Hofi og stadsett. hesthús og fjárhús. er Jóhann hafdi sótt um. Var þad stadsett tíu metrum sunnan vid gömlu húsin er standa þar nordur á túninu.

Reynir Gústason
Bjarni A. Jóhannsson

Fundargerd.

16/5 1983. kom bygginganemd Hofshrepps. saman ad Óslandi.
Bygginga fulltrúi var og mættur einnig Viktoria Geirsdóttir

No 1 Tekid var fyrir umsókn um sumarhús Sævars Einarssonar og Gudlaugu Gunnarsdóttir sem byggja á í Midhúsagerdi. Stærd 5 x 8 ferm. 144 rúmm. Timburhús. Teikningin er samþ.

No 2. Ásdis Sveinbjörnsdóttir sækir um endurbætur á íbúdarhúsinu á Sjötstödum. Skifta um glugga breyta inngangi og klæda húsid ad utann. Endurbæturnar eru samþ.

No 3. Valgeir Þorvaldsson Vatni sækir um leifi til ad byggja rafstödvarhús nedan vid veginn á Vatni. Stærd 15 ferm. 37,5 rúmmetrar. Timbur og bárujárn. Teikningin er samþ.

No 4. Sigfús Ólafsson sækir um ad byggja. íbúdarhús á jördinni Gröf. Blómaskála og vélageymslu. Teikningin er eftir Björn Helgason byggfr. Timburhús flatarm. í búdarh. 142 m$^2$ og 476 m$^3$ vélagm. 52 m$^2$ 156 m$^3$ gródurhús 28 m$^2$. Samþ. allra medeiganda jardarinnar liggur fyrir. Teikningin er samþ.

No. 5. Jón Gudmundsson og Kristján Jónsson sækja um ad byggja loddýrahús á jördinni Óslandi.
Teikningin er samþ með fyrirvara um ad framlögd verdi endanleg teikning ad fyrsta áfanga

No. 6. Páll Hjálmarsson frá Kambi sækir um ad rífa gömul fjárhús sem eru á jördinni Kambi í Deildardal.
Bygginganemd er þessu samþ. enda verdi gengid vel frá öllu.

No. 7. Reynir Gíslason sækir um ad rífa gamalt vélahús er stendur nordan við íbúdarhúsid í Bæ.
Bygginganemd er þessu samþ. enda verdi gengid vel frá öllu.

No. 8. Oddviti sækir um leyfi til ad rífa íbúdarhúsid ad Hrauni í Unadal ásamt ödrum byggingum nema fjárhúsi.
Bygginganemd er þessu samþ enda verdi gengid vel frá öllu.

No. 9. Á Óslandi var litid á tvo stadi undir loddýrahús en endanleg ákvördun ekki tekin.

No. 10. Varðandi atriði No. 4.
Fór bygginganefnd á staðinn athugaði væntanlegt hússtæði og er sammála um staðinn.
Endanleg afstaða ekki tekin til heimreiðar.

Fleira ekki tekið fyrir.

Jón Guðmundsson
Viktoría Gestsdóttir
Ingvar Ingjer Jónsson
Reynir Ásttason
Jóhann Þór Friðgeirsson

Fundargerð 13/9 1983.

Byggingarnefndin kom saman á Óslandi. Reynir Gíslason boðaði forföll. Mættur var byggingarfulltrúi Ingvar Gýgjar Jónsson og varamaður í byggingar-~~Fef~~ nefnd Bjarni A. Jóhannsson. Tilefni fundarins var að taka ákvörðun um staðsetningu loðdýra-húss, fyrir minka og refi sem þeir feðgar Jón Guðmundsson og Kristján Jónsson hafa sótt um byggingarleyfi fyrir. Nefndin mælti með að húsið verði reist neðan þjóðvegar sunnan við lækjardragið ~~op~~ sem er upp frá Konargili, að því tilskildu að heilbrigðisfulltrúi samþykki þá stað-setningu svo og eigandi og ábúandi Brekkukots, sem er næst þessu húsi (ef reist verður á þessum stað) en skv. lauslegri mælingu vantar ca 20 metra upp á að fjarlægðin frá íbúðarhúsinu í Brekkukoti sé svo mikil sem ströngustu ákvæði kveða á um. Byggingarfulltrúi var meðmæltur þessum tillögum. Nokkur þrengsli eru þar sem mælt var fyrir húsinu vegna símalínu, sem þar liggur. Þarf því að hafa samband við landsímann um hvernig ráðstafanir verða gerðar í því sambandi. Fjarlægð frá þjóðvegi er rúmir 47 metrar.

Óslandi 13/9 1983

Bjarni A. Jóhannsson
Jóhann Þór Friðgeirsson
Ingvar Gýgjar Jónsson

Fundargerd 16 april 1984.

Byggingar nemd kom saman mættir voru Jón Gudmundsson Jóhann Fridgeirsson Reynir Gíslason og byggingafulltrúi Ingvar Gýgjar.

1. Farid var ad Hlídarenda en þar er fyrir hugad ad byggja kálfahús og flatgryfju Skodadar voru adstædur teikningar vantar.

2. Jóhann Fridgeirsson Hofi sækir um breytingar á gluggum á gamla húsinu á Hofi, einnig hlödustædi og breytingar á gömlu húsi sem breyta á í kálfahús Teikningar lágu ekki fyrir nema af gluggum í gamlahúsi breytingar á þeim samþ.

3. Reynir Gíslason Bæ sækir um breytingar á gluggum í íbúdarhúsinu.
Samþikkti byggingar nemd ~~þad~~ breytinguna ~~Teikningu vantar~~ Samkvæmt teikningu

4. Valgeir Þorvaldsson Vatni sækir um leifi til ad byggja ~~sumarhús~~. íbúdar-hús (ferdaþjónusta bænda) efst í túni sunnan Geljunarár. Teikningar af húsi lágu fyrir Stadsetning og teikingar voru samþ.
Med fyrirvara um samþ. jardanemdar. og náttúruverndarnemdar. Gert er ráð fyrir ad á þessu svædi geti risid fleiri hús í framtídinni.

Jón Gudmundsson Reynir Gíslason.
Bjarni H. Jóhannsson Ingv. G. Jónsson Jóhann Þór Fridgeirsson

Fundargerd 29 maí 1984

Byggingar nemd kom saman ad Hofsósi mættir voru Jóhann Reynir Bjarni, Ingvar Gísla og Sigurdur Ingvarsson.

1. Lagdar voru framm teikningar af kálfahúsi og flatgryfjum ad bænum Hlídarenda Teikningar samþykktar ad ödruleiti en því ad fella nidur dyr á vesturgafli ad ósk eiganda.

2. Byggingar leyfis umsókn hafa ekki enn borist frá Gudbrandi Bjarnasyni Engihlíd.

3 Bjarni Jóhannsson sækir um leyfi til ad breyta gluggum á austur vegg á íbúdar-húsi sínu Vídilundi.
Þær breitingar eru samþyktar.

~~Reynir Gísla~~

4. Rætt var um þá hugmynd ad stækka svædi bygginga-nemda þannig ad nokkrir hreppar sameinist um eina svædis bygginganemd eins og bygginga reglugerd gerir ráð fyrir. og reynsla er komin á í Eyjafjardarsýslu.
Samþykkt var ad bera þad undir hreppsnemd.

Fleira ekki fyrir tekid.

Bjarni H. Jóhannsson Reynir Gíslason
Sigurdur H Ingvarsson Jóhann Þór Fridgeirsson
Ingvar Gunnar Jónsson.

Fundur byggingarnefndar Hofshrepps með byggingarfulltrúa 24. júlí 1984.

1. mál. Fyrir lá umsókn frá Valdemar Björnssyni um byggingarleyfi fyrir sumarbústað í landi Mannskaðahóls. Umsókninni fylgdi uppdráttur af fyrirhugaðri byggingu og afstöðuuppdráttur af staðsetningu hússins. Skv. grein 3.4.8. í byggingarreglugerð vantar umsögn frá jarðanefnd og náttúruverndarnefnd. Einnig vantar samþykki sveitarstjórnar Hofshrepps og skipulagsstjórnar ríkisins. Samþykki heilbrigðisfulltrúa lá fyrir.
Nefndin mun taka málið til afgreiðslu að fengnum framangreindum gögnum.
Litið var á staðinn og virðist hann mjög frambærilegur.

2. mál. Fram var lögð umsókn um leyfi fyrir skálabyggingu úr timbri í Drangey.
Umsjónarmaður Drangeyjar sækir um leyfið og fylgir umsókninni uppdráttur af húsinu og afstöðumynd. Er fyrirhugaður byggingarstaður upp af uppgönguvík skv. uppdrættinum. Sömu gögn skortir með þessari umsókn og upp eru talin fyrr með fyrra málefninu og var því þessi umsókn afgreidd á sama hátt. Þess má geta að nefndinni er kunnugt um að hafnar eru framkvæmdir við bátaskýlisbyggingarnar.
Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Hofi 24. júlí 1984. Bjarni H. Jóhannsson. Jóhann Þór Friðgeirsson (sign.)

Ingvar Gýgjar Jónsson (sign.)

Fundargerð.

Fimmtudaginn 23. maí 1985 fór byggingarnefnd Hofshrepps á eftirtalda staði í því augnamiði að ákveða staðsetningu á fyrirhuguðum byggingum. Byggingarfulltrúi Ingvar Gýgjar Jónsson og heilbrigðisfulltrúi Viktoria Gestsdóttir voru með byggingarnefndinni í þessari ferð.

Fyrst var farið að Hofi og ákveðinn staður fyrir loðdýrahús (refi). Var ákveðið að það standi austan malargryfju sem er sunnan við Unadalsveg og í suðaustur af íbúðarhúsinu á Hofi. Þarna er nú tún en virðist grunnt niður á fastan grundvöll.

Þar að auki voru ákveðnar staðsetningar á tveimur öðrum loðdýrahúsum, öðru á Gýgjarslandi og verði það rétt sunnan við loðdýrahús það sem þar er fyrir. Verður því nýja húsið milli þess og íbúðarhússins og þeirra bygginga sem þar nálægt standa.

Þá var skoðað og samþykkt hússtæði fyrir loðdýrahús í Gröf. Á það að standa rokkuð neðan við þjóðveg sunnan við læk þann er rennur nálægt bænum.

Þá var samþykkt að heimila byggingu lítils hesthúss í Viðvíkurundi. Skal það standa norðaustan íbúðarhússins. Sömuleiðis var samþykkt að byggja megi þar bílskúr sem standi norðvestan við íbúðarhúsið.

Ekki liggja enn fyrir teikningar af neinum þessara bygginga, en þær eru væntanlegar fyrir loðdýrahúsin og verða teknar til afgreiðslu þegar þær liggja fyrir.

Fyrir fundi nefndarinnar lá að ræða um hlöðubyggingu á Grindum og hvernig með það mál skuli fara.

Forsaga þess máls er sú, að þ. 15/10 1984 frétti byggingarfulltrúi af því að hafin væri bygging hlöðu á Grindum. Vakti það undrun hans, þar ed hann hafði þá nýlega (þ.e. 3/10 '84) komið að Grindum (að vísu seint að kvöldi í myrkri) vegna breytinga á íbúðarhúsi, einkum vegna einangrunar, endurnýjunar á hurðum o.þ.h. og hafði hlöðubygging ekki verið nefnd. Byggingarfulltrúi hafði þá samband við Hrein Þorgilsson bónda á Grindum og spurði hann um sannleiksgildi þessarar fréttar. Kvað hann þetta rétt vera og væri sú bygging senn fokheld. Var hann þá krafinn um teikningar og byggingarleyfi en hvorugt var fyrir hendi.

9. jan. 1985 var málið enn ítrekað og hlaðan mæld af byggingarfulltrúa. Ekki lágu þá fyrir neins leyfi eða teikningar.

Í dag 23/5 '85 liggur fyrir afstöðuteikning og teikning af hlöðubyggingunni er sögð væntanleg. Ekkert liggur fyrir um það hvort bygging þessi er byggð með þeim hætti sem kröfur um slíkar byggingar mæla fyrir um. Nefndin afgreiddi málið á þann veg að leggja til við hreppsnefnd með tilvísun til 9. kafla byggingarreglugerðar frá 16. maí 1979, grein 9.1.2., að Hreini Þorgilssyni verði gert að greiða kr. 5000,00 í sekt, og síðan dagsektir kr. 200,00 á dag frá 20. júní n.k. hafi fullnaðarteikningar og meistaraábyrgð þá ekki borist.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið. Bjarni Þ. Jóhannsson (ritari)

Viktoria Sæunn Gestsdóttir. Jóhann Þór Friðgeirsson. Ingvar Gýgjar Jónsson.
heilbrigðisfulltrúi. (sign.) (sign.) (sign.)

Jón Guðmundsson
(sign.)

Fundargerð.

14. júní 1985 komu saman eftirtaldir menn á eyrunum norðan afréttargirðingar vestan Deildardalsár:
Ingvar Gýgjar Jónsson byggingarfulltrúi, Haukur Hafstað eftirlitsmaður frá Náttúruverndarnefnd Skagafjarðar, Gísli Kristjánsson formaður Veiðifélags Deildardalsár, Jón Guðmundsson oddviti Hofshrepps og hreppsnefndarmennirnir Reynir Gíslason hreppstjóri og Bjarni Þ. Jóhannsson, og Þórður Stefánsson fjallskilastjóri Deildardalsupprekstrarsvæðis.

Tilefni þessa fundar var að Jörundur Guðmundsson rakari í Reykjavík, sem hefur Deildardalsá á leigu frá Veiðifélagi Deildardalsár, hefur óskað eftir að mega gera uppistöðulón á grjóteyrum við ána á þessum stað í þeim tilgangi að þar hlýni vatnið af sólargeislum og bæti lífsskilyrði fyrir vatnafiska. Breidd þessarar uppistöðu verði u.þ.b. 60 m og lengd 150 m.

Viðstaddir á þessum fundi voru sammála um að standa ekki í vegi fyrir þessum framkvæmdum, þó með þeim fyrirvara, að komi í ljós að framkvæmdir þessar leiði til aukins landbrots, verði áin aftur flutt í fyrri farveg, svo og að öðrum tilskildum skyldum og lögum sé fullnægt varðandi slíkar framkvæmdir, svo sem leyfi landeigenda báðum megin árinnar, vatnalögum o.þ.h.

Mannvirki þetta nái ekki ofar með ánni en á móts við læk austan ár sem rennur um rústirnar af eyðibýlinu Stafni. Hvergi séu særðir grasi grónir bakkar árinnar.

Nánar um framkvæmd þessa vísast til bréfs Steindórs Haarde verkfræðings dags. 3. júní 1985.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Bjarni Þ. Jóhannsson
(fundarritari.)

Jón Guðmundsson (sign)
Haukur Hafstað (sign) Þórður Stefánsson (sign)
Ingvar Gýgjar Jónsson (sign) Reynir Gíslason (sign)
Gísli Kristjánsson (sign)

1. fundur '86

Fundargerð

Mánudaginn 2. júní 1986 kom byggingarnefndin saman á Óslandi ásamt byggingarfulltrúa Ingvari G. Jónssyni.

Fyrsta mál var að bóka samþykktir á teikningum sem þegar hafa verið gerðar og samþykktar munnlega en ekki bókaðar fyrr en nú. Eru það loðdýrahús á Hofi. Eyrarlandi og Gröf og hesthús í Vatnslandi. Staðsetning þessara húsa hafði áður verið samþykkt og vísast til fundargerðar 23/5-1985.

Í sömu fundargerð er getið um hlöðubyggingu á Grindum. Það mál var skömmu síðar afgreitt frá hreppsnefnd. en síðan hefur ekki neitt heyrst af því máli. Þá var á árinu 1985 samþykkt fjárhúsbygging á Miklabæ.

Umsókn um leyfi til flugvallargerðar austan þjóðvegar í Grafargerðislandi barst í nóvember 1985. Síðar barust bréf frá Lúðvík Bjarnasyni og sveitarstjóranum í Hofsósi þar sem þess er óskað að ekki verði samþykktar slíkar framkvæmdir á þessum stað fyrr en athugað hafi verið hvort umferð um flugvöll þarna geti haft skaðleg áhrif á loðdýrabú Lúðvíks sem er þannig staðsett að ýmsir óttast að aðflug að vellinum geti valdið truflun á dýrunum. Þar sem ekki liggur fyrir slík athugun á aðstæðum var málinu frestað.

Annað mál. Afgreiðsla á nýjum umsóknum um byggingarleyfi.

1. Umsókn frá Bjarna Axelssyni Litlu-Brekku um breytingu á geymsluhúsi í íbúðarhús. Verður sú bygging sambyggð íbúðarhúsinu í Litlu-Brekku eins og það er nú. Uppdráttur fylgir, gerður af Kára Þorsteinssyni. Var umsókn þessi samþykkt með fyrirvara um samþykki brunavarna og heilbrigðisfulltrúa. Afstöðumynd liggur ekki fyrir.

2. Umsókn frá félagsbúinu á Óslandi um byggingu annars loðdýrahúss (minkahúss) Teikning liggur fyrir frá Braga Haraldssyni. Umsóknin var samþykkt með fyrirvara um samþykki brunavarna og heilbrigðisfulltrúa.

3. Fyrirhugað er uppsetning sumarhúss á Vatni, en ekkert liggur fyrir skriflegt um það. og engin teikning hefur borist.

Nefndin óskaði eftir að byggingarfulltrúi gangi eftir tilskildum gögnum svo afgreiða megi málið.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Bjarni H. Jóhannsson
fundarritari.

Reynir Gíslason (sign)
Jón Guðmundsson (sign)
Ingvar Gýgjar Jónsson (sign)

2 fundur 86

Fundargerð 1986.

Fimmtudaginn 18 desember kom bygginganefnd saman að Óslandi ásamt byggingafulltrúa Ingvari Gísla Jónssyni.

1) Umsókn frá Hafsteini Lárussyni Hóleggsstöðum að breyta gluggum og klæða utanm í-búðar-hús var það samþykkt. (fyrir t. Hellustrims)

3) Umsókn barst frá Gunnari Baldvinssyni, um leyfi til að byggja véla og mjölgeymslu í Grafargerði. Það er samþykkt.

4) Gísli Felixsson sækjir um leyfi til að byggja gestahús við sumarhús sitt sem stendur í Höfðalandi. Það er samþ. með þeim fyrirvara. ~~með~~ Að brunamálast samþ. teikninguna.

5) Ágúst Valtersson Þúfum sækir um leyfi til að byggja alifuglahús. bygginganefnd samþ. teikninguna. með þeim fyrirvara að brunamálastofnun samþ. og afstöðumynd. berist. Þess skal getið að teikningar bárust í dag en húsið var byggt í sumar.

6) Valgeir Þorvaldsson Vatni sækir um leyfi til að byggja sumarhús. (ferðaþjónustuhús) Bygginganefnd samþykkir teikninguna. með þeim fyrirvara að brunamálast samþ. og afstöðumynd berist.
Þess skal getið að húsið var byggt í sumar, en teikningar bárust 17. desember.

7) Þóra Kristjánsdóttir Óslandi óskar eftir leyfi til að byggja gróðurhús vestan við íbúðarhúsið á Óslandi það er samþ.

Bygginganefnd átelur þá byggjendur og byggingameistara sem hafa hafið byggingar án þess að hafa byggingarleyfi fyrir þeim og önnur gögn. Nefndin felur byggingafulltrúa að hlutast til um að slíkt endurtaki sig ekki án þess að viðurlögum sé beitt samkv. byggingarlögum og reglugerð.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið.

Reynir Gíslason.
Jóhann Þór Friðgeirsson
Jón Guðmundsson
Ingvar Gýgjar Jónsson.

Fundargerð.

Mánudaginn 25. maí 1987 kom byggingarnefnd Hofshrepps saman á Óslandi ásamt með byggingar-fulltrúa Ingvari G. Jónssyni.
Tilefni fundarins var umsókn Ragnars Eiríkssonar Gröf um byggingarleyfi fyrir loðdýrahúsi (minkahúsi) í Gröf. Eftirtalin gögn fylgja umsókninni teikning af byggingunni, samþykki heilbrigtis-fulltrúa, meistaraábirgð og afstöðuuppdráttur.
Nefndin er samþykkt þeirri byggingu sem hér liggur fyrir teikning af, svo og staðsetningu þegar fyrir liggja tilskilin gögn (samþykki meðeiganda) samkv. byggingarlögum.
Nefndin telur að full þörf sé fyrir þessari byggingu vegna áframhaldandi búskapar á jörðinni með þeim búskaparháttum sem þegar hefur verið stofnað til, enda naumast um annan búskap að ræða þar er nægjanlegt búmark er ekki fyrir hendi á jörðinni.

Reynir Gústason — Jón Guðmundsson
Jóhann Þór Friðgeirsson — Ingvar Gýmir Jónsson.

Staðfest af hreppsnefnd
Hofshrepps 4 júní 1987

ODDVITI HOFSHREPPS

Jón Guðmundsson

Fundargerð.

Manudaginn 20 júlí 1987. kom bygginganefnd Hofshrepps saman á Óslandi.
Tilefni fundarins var umsókn Þorvaldar Gestssonar bónda á Krossi um byggingarleyfi til að byggja haughús og stækka fjós samkvæmt umsókn dagsettri í dag 20 júlí.
Teikningar eftir Braga Þór Haraldssonar.
Stærð flatarmál 87,1 rúmmál 524.
Samþykkt af eldvarnar eftirliti
Bygginganefnd samþykkir framlagðar teikningar og staðsetningu viðbyggingar.

Reynir Gústason
Jóhann Þór Friðgeirsson
Jón Guðmundsson

# Fundargjörð

Sunnudaginn 18 október 1987 kom byggingarnefnd Hofshrepps saman á Ökrum.
Tilefni fundarins voru eftirtaldar umsóknir

1. Halldór Þ. Ólafsson Miklabæ sækir um að byggja hlöðu við fjárhús sem byggt var 1985. Umsóknin barst byggingarfulltrúa 28/9 '87.
Öll tilskilin gögn fylgdu umsókninni og var samþykkt að veita byggingarleyfið.

2. Gunnar Þórðarson sækir um byggingarleyfi fyrir geymsluhúsi í Stóragerði. mótt. 1/9 '87. en þá var húsið risið.
Umsókn fylgir teikning af byggingunni og meistaraábyrgð og samþ. af eldvarnaeftirliti.
Ýmis gögn vantaði svo unnt væri að afgreiða umsóknina svo sem samþ. landeiganda og afstöðuteikning. Byggingarfulltrúi hefur tekið að sér að koma á staðinn, skoða bygginguna og krefja Gunnar um þau gögn sem vantar, og telur nefndin sig ekki geta afgreitt málið fyrr en að því loknu. Fundurinn lýsir vanþóknun sinni á því að byggingarframkvæmdir séu hafnar án þess að tilskilin gögn og leyfi séu fyrir hendi, og bendir þeim til málum til húsbyggjenda og byggingarmeistara að fara að lögum til að forðast leiðinleg eftirmál.

3. Umsókn var kynnt frá Sigurði Sigurlaugssyni um að byggja sumarbústað á Eyrarlandi.
Engin gögn fylgdu og málinu því frestað.

4. Bréf hafði borist frá Valgeiri Þorvaldssyni á Vatni þar sem hann óskar fresta til að skila afstöðumynd og fleiri gögnum varðandi sumarhús.
Árni Ragnarsson hefur tekið að sér að annast það verk.
Byggingarfulltrúi tók að sér að innheimta þessi gögn nú þegar.

5. Farið var í Stóragerði og skúrinn skoðaður og mældur. Hann er fokheldur byggður úr gömlu efni. Grafnir niður 10 staurar. Þakjárn gamalt nema á vesturhlið á þaki. Virðist fremur veikbyggt hús.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Jón Guðmundsson — Bjarni H. Jóhannsson
Jóhann Þór Friðgeirsson — Ingvar Gýgjar Jónsson

## Fundargerð.

Þriðjudaginn 8. nóvember 1988 kom byggingarnefnd Hofshrepps saman á skrifstofu hreppsins á Túngötu 2 Hofsósi.

1. mál. Umsókn um byggingarleyfi fyrir anddyri við kjallaradyr íbúðarhússins á Krossi.
Formlega gengið frá leyfi byggingarnefndar sem áður hefur verið veitt en ekki bókað fyrr en nú.

2. mál. Umsókn um heimild til breytingar á hlöðuþaki, í Tumabrekku, úr skúrþaki (sem orðið var ónýtt) í risþak. Samþykkt.

3. mál. Umsókn um byggingarleyfi fyrir hesthúsi á Melstað. Uppdrættir liggja fyrir, og meistaraábyrgð. Allt samþykkt.

4. mál. Umsókn um tvo sumarbústaði í landi Stóragerðis. Önnur gögn vantar.

5. mál. Umsókn um leyfi til byggingar vélageymslu á Nýlandi. Teikning liggur fyrir, og var samþykkt af byggingarnefnd. Meistaraábyrgð vantar og ákvörðun á staðsetningu sem gera verður í samráði við byggingarfulltrúa.

Fleira ekki bókað fyrir.
Fundi slitið.

Ingvar Gýgjar-Jónsson
Jón Guðmundsson
Bjarni H. Jóhannsson
Jóhann J. Friðgeirsson.

## Fundargerð.

Fimmtud. 10. ágúst 1989 kom byggingarnefnd Hofshr. saman á skrifstofu byggingarfulltrúa á Sauðárkróki.

1. mál. Gögn sem vantaði frá Valgeiri Þorv. Vatni og getið er í fundargerð frá 18. okt. 1987 bárust öll og er það mál afgreitt.
Önnur umsókn hefur borist frá Valgeiri um nýtt sumarhús, henni fylgdu öll tilskilin gögn. Þessi umsókn var samþ.

2. mál. Varðandi sumarbústaði í landi Stóragerðis hafa borist öll tilskilin gögn varðandi annað húsið og var sú bygging heimiluð.

3. mál. Umsókn frá Jóni Guðmundssyni Óslandi um byggingu haughúss. Öll gögn eru fyrir hendi og var ~~to~~ þetta samþykkt.

4. mál. Umsókn ásamt uppdrætti um byggingu bílskúrs í Víðilundi. Samþ. Staðsetn. sjá fundarg. 23/5 1985.
Fyrirvari er gerður um samþ. brunavarnaeftirlits þar sem það er enn ekki fyrir hendi.

Fleira var ekki bókað fyrir. Fundi slitið.

Jón Guðmundsson
Bjarni H. Jóhannsson
Reynir Gestsson
Ingvar Gýgjar Jónsson

# Fundargerð

Föstudaginn 27. okt. 1989 kom byggingarnefndin saman á skrifstofu Hofshrepps að Túngötu 2 Hofsósi. Tilefni fundarins var að skoða teikningu og afgreiða, af bílastæði við Hofskirkju. Farið var á staðinn og aðstæður skoðaðar. Þá var einnig viðstaddur formaður sóknarnefndar Hofssóknar, ásamt ábúendum jarðarinnar Hofs.

Allir aðilar voru samþykkir fyrirliggjandi teikningu og var hún því samþykkt. Bílastæðið verður því milli íbúðarhúss og útihúsa sem standa nokkru austar á svæðinu norðan gamla vegarins sem liggur um hlaðið á Hofi, svo og sunnan vegar ~~við hlið~~ kirkjugarðs.

Þá var og samþykkt að heimila að fjarlægja tvo skúra sem standa á byggingarsvæði býlisins, annar er næst íbúðarhúsinu en hinn nálægt kirkjugarðinum.

Þá var lögð fram teikning af breytingu ~~af~~ á þaki á fjárhúsum á Óslandi. Þessa framkvæmd samþykkti nefndin með þeim fyrirvara að brunavarnaeftirlitið gefi sitt samþykki.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Jón Guðmundsson   Bjarni H. Jóhannsson

Jóhann Þ. Friðgeirsson   Ingvar Gýmir Jónsson

Fyrir hönd sóknarn. Valgeir Þorvaldsson